

055/01 - Gógó SH 67

Gógó SH 67, eldur um borð og sekkur út af Öndverðarnesi

Gógó SH 67

Skipaskr.nr.: 7302

Smíðaður: Hafnarfirði 1985 Plast

Stærð: 5,90 brl; 5,18 bt

Lengd: 7,98 m **Breidd:** 2,86 m **Dýpt:** 1,53 m

Vél: Volvo Penta 147,00 kW **Árgerð:**

Annað:

Földi skipverja: 1

Atvikalýsing

Að morgni 13. júlí 2001 var Gógó SH 67 á veiðum 3 sml. VSV af Öndverðarnesi. Veður: NV 5-8 m/sek, sjólag hafði ekki verið gott en var batnandi.

Gógó SH 67 fór til veiða frá Ólafsvík um kl. 22:00 þann 12. júlí og var haldið á mið vestur af Öndverðarnesi. Þarna var hann í reyttingsafla og þegar nokkuð var liðið á nóttina var skipverjanum orðið nokkuð kalt. Hann fór inn í stýrishús og ætlaði að ylja sér þar og í því skyni kveikti hann á olíumiðstöð. Fór hann síðan aftur út á þilfar. Skömmu eftir það varð skipverjinn var við brunalykt og fór strax að leita orsaka hennar. Þegar hann leit inn í stýrishúsið sá hann talsverðan eld og reyk þar inni og virtist vera mest bakborðsmeginn þar sem olíumiðstöðin var. Skipverjinn náði til slökkvitækis sem var stjórnborðsmeginn í stýrishúsinu og sprautaði á eldinn en það dugði ekki til og varð stýrishúsið alelda á skömmum tíma.

Skipverjinn kastaði út gúmmíbjörgunarbat og eftir að hann komst í hann kveikti hann á neyðarsendingunum um borð í honum. Flugvélar á yfirflugi námu neyðarsendinguna og einnig tilkynnti Mb Bára til Loftskýttastöðvarinnar í Reykjavík að mikill reykur sæist á sjónum skammt VSV af Öndverðarnesi. Loftskýttastöðin í Reykjavík kallaði til nærstaddra skipa auk þess sem varðskip og þyrta voru kölluð til leitar. Kl. 05:21 var tilkynnt frá Grindvíkingi GK að þeir væru búnir að bjarga skipsbrotsmanninum heilum á húfi en Gógó SH væri illa bruninn og sökk hún skömmu síðar. Fór skipverjinn á Gógó með Grindvíkingi GK til Ólafsvíkur.

Við rannsókn kom fram

- að mati skipverjans voru eldsupptök hugsanlega út frá olíumiðstöð, straumbreytir eða 24V rafmagnstöflu;
- að báturinn var ekki með gilt hæfærissskírteini en það rann út 14. apríl 2001;
- að sögn skipverjans náði hann ekki til neyðarhnapps sjálfvirku Tilkynningarskyldunnar vegna elds og reyks;
- að um 300 ltr. af olíu var um borð.

Nefndarálit

Eldsupptök eru óupplýst og því ályktar nefndin ekki í málinu.